

## 1145. Nefndarálit

um frv. til l. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Samkomulag stjórnarflokkanna um framlagningu sjávarútvegsfrumvarpa á sl. vetri fól í sér frumvarp þetta um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem svo er nefnt. Sjóðnum fylgir að yfirtaka á skuldbindingar atvinnuþryggingardeildar Bygðastofnunar og hlutafjárdeildar og leggja sérstakt gjald á aflaheimildir frá og með árinu 1996 til að standa straum af starfrækslu sjóðsins og yfirtöku þessara skuldbindinga. Óttast margir að þar sé á ferðinni vísir að upptöku auðlindaskatts og hefur reyndar annar stjórnarflokkurinn, Alþýðuflokkurinn, túlkað málið í þá veru. Ýmislegt fleira orkar tvímælis, svo sem ákvæði frumvarpsins um úreldingu fiskvinnslustöðva, og hefur gengið illa að fá það útskýrt hvernig það ákvæði eigi að ganga upp í framkvæmd.

Nú eru að vísu lagðar til af hálfu meiri hlutans lítills háttar lagfæringar sem m.a. ganga í þá átt að rýmka reglur og möguleika sjóðsins til að taka þátt í þróunarverkefnum á sviði sjávarútvegsins, þar með talið verkefnum á erlendri grund, og ber að fagna því. En eftir stendur að frumvarpið í heild sinni, eins og það kemur fyrir, er meingallað enda á það sér formælendur fáa. Satt best að segja hefur ekki fundist í umfjöllun sjávarútvegsnefndar í reynd einn einasti stuðningsaðili frumvarpsins eins og það er í óbreyttri mynd fyrir utan ríkisstjórnina sjálfa og stjórnarflokkana.

Ljóst er á hinn bóginn að bagalegt er að óvissa ríki lengi um þær leikreglur sem gilda eiga um endurnýjun og úreldingu fiskiskipa. Þar sem legið hefur í loftinu um alllangt skeið eða allt frá því að tvíhöfðanefnd var að ljúka störfum að úreldingarprósentan yrði hækkuð og þaki á heildargreiðslum vegna úreldingar yrði lyft leggur minni hlutinn til að tekið verði á þeim þætti strax. En í ljósi þess að frumvarpið og það fyrirkomulag sem þar er lagt til er meingallað er það afstaða minni hlutans að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Þess í stað verði fluttar breytingartillögur við löggin um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins þar sem í fyrsta lagi verði úreldingarprósentan færð upp í þau 45% sem frumvarpið um Þróunarsjóð gerir ráð fyrir og heildarupphæðin hækkuð með sama hætti. Einnig verði gengið frá því, sbr. margendurtekinn tillöguflutning stjórnarandstöðunnar, að veiðiheimildum sjóðsins verði úthlutað án endurgjalds til jöfnunar á móti þeim samdrætti í afla, einkum þorskafla, sem gengið hefur yfir og á meðan það ástand varir. Jafnframt verði ákveðið að nefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka og helstu hagsmunaaðila skuli í sumar vinna að heildarendurskoðun lagaákvæða um hagræðingar- og þróunarmál efni sjávarútvegsins og skila af sér frumvarpi með haustinu sem lagt verði fyrir Alþingi í upphafi þings. Verði þar einnig til skoðunar verðjöfnunar- eða sveiflujöfnunarmál greinarinnar og sá möguleiki kannaður að þessi verkefni verði sameinuð í einum deildaskiptum sjávarútvegsjóði.

Fulltrúi kvennalistans, Anna Ólafsdóttir Björnsson, er situr fundi sjávarútvegsnefndar sem áheyrnafulltrúi, er samþykkt álit þessu.

Alþingi, 2. maí 1994.

Steingrímur J. Sigfússon,  
frsm.

Halldór Ásgrímsson.

Jóhann Ársælsson.

Stefán Guðmundsson.

Fylgiskjal I.**Umsögn Félags um nýja sjávarútvegsstefnu.**

(20. mars 1994.)

*Umsögn.*

Stjórn Félags um nýja sjávarútvegsstefnu er mótfallin stofnun Þróunarsjóðs í þeim tilgangi og á þeim forsendum sem fyrirbyggjandi frumvarp gerir ráð fyrir.

Verði frumvarpið lagt fram vill stjórn félagsins leggja til að eftirfarandi efnislegar breytingar verði gerðar á því.

- a. Að úrelding verði einskorðuð við fiskiskip.
- b. Að Þróunarsjóðurinn fái tekjur af lönduðum afla í stað gjaldtöku „af úthlutuðu aflamarki“.
- c. Að sjóðnum sé heimilt að veita ábyrgðir, lán og styrki til að greiða fyrir nýsköpun í íslenskum sjávarútvegi, þó ekki til fjárfestinga erlendis.

*Rökstuðningur.*

Félag um nýja sjávarútvegsstefnu sér engin efni til þess að leggja gjöld á þær fiskvinnslustöðvar sem enn þá starfa í þeim tilgangi að fjármagna með því úreldingu annarra sem núverandi fiskveiðikerfi og leikreglur þess hafa grafið undan.

Félagið telur aflagjald eðlilegri og skynsamlegri leið en þá sem frumvarpið gerir ráð fyrir þar sem umrædd gjöld væru þá dregin af tekjum. Þá eru áform um stofnun Þróunarsjóðs og verkefni hans í eðli sínu sjálfstætt mál. Ákvarðanir varðandi álagningu gjalda til þess að afla honum nauðsynlegra tekna eiga einnig að vera það.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er hins vegar gert ráð fyrir að stærsti hluti tekna sjóðsins fáiast með innheimtu gjalda af veiðiheimum. Félag um nýja sjávarútvegsstefnu lýsir fullri andstöðu við þá tilhögun þar sem hún felur það í sér að kvótakerfið yrði fest í sessi og mundi binda hendur löggjafans varðandi mögulegar breytingar í framtíðinni enn fremur en orðið er. Tekjuöflun með innheimtu aflagjalds er hins vegar óháð þeim ákvörðunum sem teknar kunna að verða varðandi breytingar í stjórnkerfi fiskveiða, auk þess sem slík gjaldfærsla er miklu virkara stjórnþæki en sú flata gjaldtaka sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Félags um nýja sjávarútvegsstefnu,

*Óskar Þór Karlsson, formaður,**Árni Gíslason,**Gísli Garðarsson,**Guðfinnur Sigurvinsson,**Hrólfur Gunnarsson,**Kristinn Pétursson,**Skúli Alexandersson.*

**Fylgiskjal II.****Umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna.**

(19. apríl 1994.)

Ítrekuð er áður kynnt andstaða samtakanna við stofnun þróunarsjóðs sem mun hafa það hlutverk með höndum að innheimta sérstakt gjald af útgerðum og skylda þannig alla útvegsmenn til þess að greiða töpuð útlán Atvinnuþryggingarsjóðs og Hlutafjárjóðs. Það er óþolandi að útgerðir, sem þáðu enga fyrirgreiðslu úr þessum sjóðum, skuli með lögum vera þvingaðar til þess að standa skil á þessum útlánnum sem stjórnvöld á sínum tíma ákváðu að veita einstaka fyrirtækjum einhliða. Slík vinnubrögð grafa undan eðlilegum starfsreglum og siðferðisvitund þeirra aðila er starfa í sjávarútveginum.

Lög um væntanlegan þróunarsjóð verða ekki skilin öðruvísi en svo að það skipti í raun ekki máli hvernig einstakir aðilar standa sig í greininni. Með stofnun þróunarsjóðs er verið að refsa þeim aðilum sem staðið hafa skynsamlega að útgerðarrekstri á undanförnum árum og ekki hafa þegið styrki stjórnvalda í gegnum áðurnefnda sjóði.

Virðingarfyllt,  
f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna,

*Sveinn Hj. Hjartarson.*

**Fylgiskjal III.****Umsögn útvegsmannafélaga.**

(7. mars 1994.)

Útvegsmannafélögin mótmæla harðlega áformum um sértækar aðgerðir sem miða að því að stofna enn einn sjóðinn. Hlutverk þessa svokallaða þróunarsjóðs er að innheimta sérstakt veiðileyfagjald af sjávarútveginum. Þetta gjald á að leggja á eins og aðstöðugjald, hvort heldur er um hagnað eða taprekstur að ræða. Slík mismunun milli sjávarútvegs og annarra atvinnugreina er óþolandi.

Þá er einnig mótmælt að sjávarútveginum skuli ætlað að greiða með sérstökum skattstofni töpuð útlán og skuldbindingar Atvinnuþryggingarsjóðs og Hlutafjárjóðs. Tilurð þessara sjóða varð til þess eins að brengla samkeppnisstöðu innan greinarinnar og mismuna fyrirtækjum í sjávarútvegi. Það stríðir á móti öllu viðskiptalegu siðferði að ætla þeim aðilum í sjávarútvegi, sem þáðu ekki fyrirgreiðslu úr umræddum sjóðum, að greiða og ábyrgjast nú skuldir þessara sjóða með sérstökum skatti.

Útvegsmannafélögin hafa ekki fengið neinar haldbærar upplýsingar um hvernig á að standa að úreldingu fiskvinnsluhúsa. Hvernig á að koma í veg fyrir að fiskur sé unninn í tilteknu húsi, hvernig á að koma í veg fyrir að aðili, sem úreldir fiskvinnsluhús, fari ekki með fiskvinnslu í næsta hús eða byggi nýtt hús?

Útvegsmannafélögin eru sammála því að hækka hlutfall bóta úr Hagræðingarsjóði í 45% til þess að stuðla að frekari úreldingu fiskiskipa.

Hlutverk Hagræðingarsjóðs á ekki að vera annað en að stuðla að úteldingu fiskiskipa. Veiðiheimildum hans á að úthluta í réttu hlutfalli við veiðiheimildir hvers og eins.

Virðingarfyllst,

F.h. Útvegsmannafélags Akraness,  
*Teitur Stefánsson.*

F.h. Útvegsmannafélags Austfjarða,  
*Eiríkur Ólafsson.*

F.h. Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar,  
*Guðrún Lárusdóttir.*

F.h. Útvegsmannafélags Hornafjarðar,  
*Halldóra B. Jónsdóttir.*

F.h. Útvegsmannafélags Norðurlands,  
*Sverrir Leósson.*

F.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur,  
*Sigurbjörn Svavarsson.*

F.h. Útvegsmannafélags Snæfellsness,  
*Guðmundur Kristjánsson.*

F.h. Útvegsmannafélags Suðurnesja,  
*Halldór Ibsen.*

F.h. Útvegsbændafélags Vestmannaeyja,  
*Hilmar Rósmundsson.*

F.h. Útvegsmannafélags Þorlákshafnar,  
*Benedikt Thorarensen.*

**Fylgiskjal IV.****Umsögn stjórnar SASS.  
(16. mars 1994.)**

1. Samkvæmt 3. gr. ber sjóðnum m.a. að yfirtaka eignir og skuldbindingar Atvinnu-tryggingarsjóðs. Allt bendir til að þessar eignir séu stórlega ofmetnar, sem og eignir hlutafjárdeildar.  
Með þessu er því verið að leggja á mörg starfandi sjávarútvegsfyrirtæki stórkostlegar byrðar sem þau stofnuðu ekki sjálf til og hlýtur því að vekja upp spurningar um hvort slíkt sé réttlætandi.
2. Samkvæmt 4. gr. fær Þróunarsjóður samsvarandi tekjur og Hagræðingarsjóður hafði.  
Athygli vekur að gjaldið er að hámarki 285.000 kr. sem þýðir að eftir að 300 brt. stærð er náð greiðist ekki gjald af þeim tonnum sem umfram eru. Þessi gjaldtaka mismunar því skipum eftir stærðum.
3. Varðandi 5. og 6. gr. má segja að það sýnist varhugavert að leggja sérstök ný gjöld á atvinnustarfsemi sem rekin hefur verið með viðvarandi halla.
4. Um 7. gr. Sú regla að greiða út 30% húftryggingarverðs sem úreldingarstyrk hefur í raun sett lágmarksverð á skipsskrokka, óháð ástandi þeirra. Hækkun á þessum úreldingarstyrk í 45% mun aðeins búa til aukin gerviverðmæti sem greiða þarf fyrir í hærri kaupverði skipa milli manna.  
Hagur þeirra sem hætta útgerð virðist batna með þessari breytingu en eykur á erfiðleika þeirra sem eru að hefja útgerð eða stunda hana.  
Einnig má benda á að stærðarsamsetning flotans hefur raskast á kostnað milli-stærðar skipa þannig að sóknarmynstur hefur breyst en þrátt fyrir fækkun skipa stendur stærð flotans í stað og sóknargeta hefur að líkindum aukist. Því hljóta að vakna upp efasemdir um gildi þessara aðgerða.
5. Um 9. gr. Fiskvinnsluhúsum hefur verið að fækka af eðlilegum ástæðum. Því ætti að vera óþarft að greiða sérstaklega fyrir slíkt. Enn fremur er mjög vafasamt að ákveða við núverandi aðstæður að hús, sem mörg eru sérhæfð vegna uppbyggingar og staðsetningar, skuli aldrei framur verða nýtt til þeirrar starfsemi sem þau voru þó hönnuð til.
6. Mótmæla verður 16. gr. harðlega. Fasteignagjöld eru til þess að bera uppi sameiginlegan kostnað, svo sem við rekstur gatnakerfis, holræsa, brunavarna og svo má lengi telja. Þessi kostnaður vegna viðkomandi eignar leggst ekki af þótt hús standi ónotuð og Þróunarsjóður sé orðinn eigandi. Slíkt ákvæði styðst því ekki við önnur rök en að spara viðkomandi sjóði útgjöld og mundi mismuna sveitarfélögum gríðarlega.

Fylgiskjal V.

**Umsögn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.**  
(16. mars 1994.)

Almennt um frv.: Framkvæmdaráðið hefur ýmislegt við frv. að athuga, en fellst að sjálfsögðu á það markmið að stefna beri að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Ráðið hefur þó ákveðnar efasemdir um nokkur atriði; telur m.a. einsýnt að með samþ. frv. muni aukast skattheimta á greinina og er þeirrar skoðunar að ná mætti sömu markmiðum með breytingum á Hagræðingarsjóðnum.

Verði Þróunarsjóðurinn að veruleika, telur ráðið að óhjákvæmilegt sé að breyta frv. verulega frá núverandi mynd og hefur mestan fyrirvara um gjaldtöku skv. 6. gr. (sjá neðar). Tiltölulega auðvelt virðist að stuðla að fækkun fiskiskipa skv. ákveðnum reglum sbr. 7. og 8. gr., en ráðið sér meiri vandkvæði á framkvæmd þess að vinna að fækkun fiskvinnslustöðva sbr. 9. og 10 gr., enda þótt æskilegt sé að hafa þann möguleika fyrir hendi. Velta má því fyrir sér, hvort aðalárangur þessarar fækkunar yrði aðstoð við lánastofnanir að ná til baka útlánnum, sem erfið eru í innheimtu og tryggð í verðlitlum og oft óarðbærum fasteignum, sem voru það e.t.v. ekki, þegar fyrirgreiðslan átti sér stað. Einnig má spyrja, hvort ekki muni verða gengið fram í of miklu offorsi við úreldingu fiskvinnsluhúsa, sem þörf kann að verða á án mikils fyrirvara í því sveiflukenna vertíðarþjóðfélagi, sem Íslendingar byggja. Má í því sambandi benda á nýtingu ýmissa fiskvinnsluhúsa nú í vetur, þegar loðnufrysting skapaði mikla atvinnu og virðist hafa bætt afkomu margra fyrirtækja á svæðinu frá Austfjörðum suður um að Snæfellsnesi.

Framkvæmdaráðið getur trauðla fallizt á að fasteignamat, sem er einn veigamesti gjaldstofn sveitarfélaga, verði notað til að reikna úreldingarandvirði eignanna í Þróunarsjóðnum og telur að engin ástæða sé til þess að koma frekari "óorði" á þennan gjaldstofn en orðið er. Einnig er á það bent, að fasteignamat er mjög mismunandi eftir landshlutum og hæst á Suðvesturhorni landsins, sem á hinn bóginn myndi leiða til meiri gjaldtöku skv. 5. gr. í Þróunarsjóðinn á því svæði og þar sem fasteignamat er hæst. Því undirstrikar ráðið nauðsyn þess að þetta atriði verði skoðað rækilega og getur ekki fallizt á það óbreytt. Spurning er, hvort ekki sé eðlilegra að reikna úreldingarverðmæti eigna ef af verður sem ákveðið hlutfall af brunabótamati þeirra.

Athugasemdir framkvæmdaráðsins við einstakar gr. frv. eru svohlj.:

5. gr., 3. málsg. Felld verði út orðin "þó að frádregnu afgangskvaðarverðmæti leigulóðar". ( sjá ennfr. aths. hér ofar)

5. gr., 3. seinasta málsgr. Felld verði út setningin "Gjald sem ekki nær 10.000 kr. skal fella niður við álagningu" þar sem eðlilegt hlýtur að teljast að allir sitji við sama borð í þessum efnum. Til vara er bent á að inn í þessa málsgr. 5. gr. vantar ákvæði um grunngjald m/v ákveðna byggingarvísitölu.

6. gr. Af þeirri gjaldtöku, sem fyrirhuguð er að leggja á atvinnugreinina í Þróunarsjóðinn, getur framkvæmdaráðið sízt fellt sig við ákveðna innheimtu af hverri þorskígildislest eins og þessi gr. frv. gerir ráð fyrir, þar sem að hún virðist angi af veiðileyfagjaldi því, sem um hefur verið rætt í þessu sambandi. Ráðið telur eðlilegast að fella niður þessa gr. frv. og hækka gjaldtöku skv. 4. gr sem því nemur til að ná inn sambærilegum tekjum í Þróunarsjóðinn, en til vara gerir það kröfu um að skammstöfunin "a.m.k." á undan orðunum "1.000 kr." verði felld niður.

#### Fylgiskjal VI.

##### **Umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.**

(14. mars 1994.)

Varðandi Þróunarsjóð getur stjórn SSS ekki annað en mótmælt þeim hugmyndum að einstaka aðilar geti fengið undanþágu frá fasteignagjöldum. Það eru grundvallaratriði í augum sveitarstjórnarmanna að markaðir tekjustofnar sveitarfélaganna verði ekki skertir með þessum hætti og þeir minna á að nýlega var aðstöðugjaldið fellt niður til að rétta stöðu atvinnuveganna.

Stjórn SSS telur einnig varhugavert að auka álögur á sjávarútvegsfyrirtæki í ljósi fjárhagserfiðleika undanfarinna ára.

#### Fylgiskjal VII.

##### **Umsögn Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.**

(16. mars 1994.)

Við teljum ekki rétt að skattleggja allan sjávarútveginn til að greiða skuldir hluta fyrirtækja í greininni og erum því alfarið á móti þeim hugmyndum þar að lútandi sem settar eru fram í Þróunarsjóðsfrumvarpinu. Núverandi úreldingarsjóður ásamt frjálsu kvótafram-sali dugar að okkar mati til að standa undir eðlilegri hagræðingu í greininni.

Við mótmælum öllum hugmyndum um sérstaka gjaldtöku á sjávarútveg.



**Fylgiskjal VIII.****Umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva.  
(10. mars 1994.)**

Stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva er þeirrar skoðunar að gera þurfi veigamiklar breytingar á Þróunarsjóðsfrumvarpinu.

Yfirtaka á skuldbindingum Atvinnuþryggingardeildar Byggðastofnunar og Hlutfjár sjóðs langt umfram eignir kemur ekki til greina að okkar áliti.

Að auki hefði yfirtaka Þróunarsjóðs á Hlutfjár sjóði í för með sér mikil áhrif á stjórnun þeirra níu sjávarútvegsfyrirtækja sem sjóðurinn á hluti í. Telja verður afar óeðlilegt að stjórn Þróunarsjóðsins, ef af stofnun hans verður, fari með slík völd.

Tilgangur úreldingar fiskvinnsluhúsa á kostnað greinarinnar í heild hlýtur að vera að bæta rekstrarskilyrði þeirra fyrirtækja sem eftir verða í greininni.

Forsenda fyrir því að úrelding fiskvinnsluhúsa á kostnað þeirra fyrirtækja sem eftir verða komi til álita er að tryggt verði að ekki risi upp önnur sambærileg fiskvinnslufyrirtæki í staðinn.

Heimild til úreldingar fiskvinnsluhúsa kemur þó til álita, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, sé þeim atriðum fullnægt sem hér hafa verið nefnd, og er þá ekki óeðlilegt að fiskvinnslan standi undir henni að hluta, í takmarkaðan tíma, með sérstöku gjaldi.

Gjaldtaka á fiskvinnsluna umfram slíkt úreldingargjald kemur ekki til greina að mati stjórnar Samtaka fiskvinnslustöðva.

Stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva væntir þess að hagur sjávarútvegsins verði með þeim hætti á komandi árum að fyrirtækjum verði kleift að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Atvinnuþryggingardeild Byggðastofnunar og að eignir Hlutfjár sjóðs verði seljanlegar á almennum hlutabréfamarkaði. Verði hagur fiskvinnslunnar hins vegar það bágborinn að þetta nái ekki fram að ganga mun fiskvinnslan enn síður verða fær um að standa undir nýrri gjaldtöku.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva,

*Ágúst H. Elíasson, frkvstj.*

**Fylgiskjal IX.****Umsögn Íslenskra sjávarafurða hf.  
(7. mars 1994.)**

Hagsmunanefnd Íslenskra sjávarafurða hf. hefur iðulega rætt um nauðsyn þess að úrelða fiskiskip og fiskvinnsluhús í því skyni að koma á aukinni hagræðingu og og bæta þannig afkomu bæði veiða og vinnslu, en þó þannig að gætt sé mannlegra sjónarmiða gagnvart einstökum byggðarlögum. Hagsmunanefndin er þess vegna hlynnt því að sett verði lög um slíka úreldingu. Hins vegar er margt í því frumvarpi sem hér liggur fyrir sem nefndin getur ekki fallist á. Meginsjónarmið nefndarinnar byggjast á eftirfarandi:

1. Að stofnaður verði deildskiptur sjóður til úreldingar fiskiskipa og fiskvinnslustöðva.
2. Að innheimt verði á þessu ári og áfram gjald af öllum fiskiskipum og fiskvinnslustöðvum til þess að standa undir kostnaði við úreldinguna. Ríkissjóður láni nauðsynlegt fé til þess að úrelding geti gengið hratt.
3. Ekki verði lagt á gjald sem geti orðið vísir að auðlindaskatti.
4. Atvinnutryggingardeild og hlutafjárdeild Byggðastofnunar verði ekki blandið inn í þetta mál. Nauðsynlegt er að sjávarútvegurinn hafi þá afkomumöguleika að hann geti á eðlilegan hátt staðið undir skuldbindingum sínum og að hlutabréf hlutafjárdeildar séu markaðsvara á fullu verði.

Hér verður ekki fyrir yfir frumvarpið grein fyrir grein þar sem efni þess er í meginatriðum of langt frá ofangreindum sjónarmiðum til þess að hægt sé að mæla með samþykkt þess.

F.h. Íslenskra sjávarafurða hf.,

*Árni Benediktsson.*

**Fylgiskjal X.****Umsögn Fiskifélags Íslands.  
(22. mars 1994.)**

52. fiskiþing mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um stofnun sérstaks Þróunar-  
sjóðs sjávarútvegsins.

52. fiskiþing leggur áherslu á að Hagræðingarsjóður verði eflur svo að hækka megi  
úreldingarstyrki úr honum vegna úreldingar fiskiskipa.

52. fiskiþing fagnar áhuga forustumanna fiskvinnslunnar á að komið verði á laggirnar úreldingarsjóði fyrir fiskvinnsluhús sem fiskvinnslan sjálf greiði iðgjald til og hún ráði sjálf hvaða fiskvinnsluhús fái úreldingarstyrki.

Virðingarfyllst,  
Fiskifélag Íslands,

*Bjarni Kr. Grímsson, fiskimálastjóri.*

## Fylgiskjal XI.

*Fjármálaráðuneyti:*

### **Kostnaðaráhrif frumvarpsins.**

(16. febrúar 1994.)

Frumvarpið er um stofnun sjóðs sem yfirtekur eignir og skuldbindingar Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, Atvinnuþryggingadeildar Byggðastofnunar og Hlutafjárdeildar Byggðastofnunar, vegna sjávarútvegsfyrirtækja. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi m.a. með fækkun fiskiskipa og fiskvinnsluhúsa. Einnig er sjóðnum heimilt að stuðla að endurskipulagningu sjávarútvegsfyrirtækja og veita lán og styrki til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn afli tekna með sérstöku gjaldi á eignir sjávarútvegsfyrirtækja og með gjaldi á aflaheimildir. Tekjum sjóðsins er ætlað að standa undir skuldbindingum og rekstrarkostnaði.

Ríkissjóður mun ábyrgjast stofnlán til sjóðsins að fjárhæð 4 milljarðar króna, auk þess sem sjóðnum er heimilt að taka lán til að brúa tímabundinn mun á milli innborgana og útgreiðslna úr sjóðnum. Að auki yfirtekur ríkissjóður 950 m.kr. af skuldbindingum Atvinnuþryggingadeildar. Sjóðurinn er í eigu ríkisins og ber ríkissjóður því ábyrgð á fjárskuldbindingum hans.

Miðað er við að Þróunarsjóður taki stofnlánið alls 4 milljarða í eigin nafni og hagi afborgunum í samræmi við greiðsluáætlanir. Áformað er að lánið verði afborgunarlaust fyrstu tvö árin og greiðist niður til ársins 2005 og beri almenna markaðsvexti. Samkvæmt sjóðsstreymi Þróunarsjóðs er eðlilegt að stofnlánið verði tekið á þremur árum. Það hefur heppilegri áhrif á lánsfjármarkaðinn, en ef það er tekið í einu lagi. Reiknað er með að úrelding fiskiskipa verði mest í byrjun og útgreiðslur vegna Atvinnuþryggingadeildar mestar næstu tvö ár, ef tekið er mið af því hvernig lánagreiðslur falla til. Stofnlánið er ætlað að hluta til að brúa mismun á milli inn- og útgreiðslna vegna úreldingar og að hluta til að mæta áföllnum ábyrgðum.

Fjármálaráðuneytið telur að sá hluti lánsins sem rennur til endurfjármögnunar eigi að vera í markaðshæfum bréfum til þess að sjóðurinn geti greitt af fjárskuldbindingum sínum. Sá hluti útgefinna bréfa sem ætlaður er til úreldingar takmarkist við framsal á milli lánastofnana. Ástæða þykir til að takmarka framsalshæfi vegna hugsanlegra áhrifa á innlendan lánamarkað. Þá er eðlilegt að Þróunarsjóður sjávarútvegsins lúti sömu reglum og aðrir sjóðir þess efnis að árlega verði leitað lánsheimilda í lánsfjárlögum fyrir lántökum hans.

Mat á skuldbindingum þeirra sjóða sem renna í Þróunarsjóð miðast við 31. ágúst 1993. Samkvæmt því er eiginfjárstaða Atvinnuþryggingadeildar vegna sjávarútvegsfyrirtækja neikvæð um 1.578 m.kr., þar af yfirtekur ríkissjóður 950 m.kr. Eiginfjárstaða Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins er jákvæð um 518 m.kr. Erfitt er að meta stöðu Hlutfjárdeildar þar sem óvissa er um endanlegt söluverð hlutabréfa. Ef miðað er við að hrein eign til greiðslu hlutdeildarskírteina þann 31. ágúst 1993 skiptist hlutfallslega á milli A- og B-hlutdeildarskírteina gæti verið um 536 m.kr. skuldbindingu að ræða, sem Þróunarsjóður mun taka á sig. Er það eingöngu vegna A-hlutdeildarskírteina, sem eru tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.

Helstu óvissuþættir í rekstri Þróunarsjóðs er innheimta yfirtekinna lána, gengisáhætta, óvissa um umfang úreldingar fiskiskipa og óvissa um tekjur. Stjórn sjóðsins getur hagað úreldingu fiskvinnslustöðva og annarri starfsemi, að frátalinni úreldingu fiskiskipa, þannig að útgjöld standist sem best á við inngreiðslur. Styrkur vegna úreldingar fiskiskipa skal vera að hámarki 45% af húftryggingaverðmæti skips. Ráðherra ákveður styrkhlutfall fyrir upphaf hvers árs að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Sjóðurinn mun fyrirsjáanlega þurfa á nokkrum lántökum að halda til að brúa mismun á innheimtu skuldabréfa í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánum sem sjóðurinn þarf að standa skil á. Þessar lántökur ættu að vera háðar ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Samkvæmt 19. gr. frumvarpsins skal ráðherra leggja til við Alþingi að tekjum sjóðsins verði breytt, komi í ljós að framtíðartekjur eru ekki í samræmi við framtíðarskuldbindingar. Líta verður svo á að ákvæðið tryggi að sjóðurinn standi undir sér til lengri tíma, þrátt fyrir hugsanlega óvissu í rekstri. Með frumvarpinu fylgir mat á tekjustofnum sjóðsins sem fjármálaráðuneytið hefur ekki séð ástæðu til að endurskoða. Athygli er þó vakin á því að mat á tekjum af þróunargjaldi á fiskvinnsluhús er nokkurri óvissu háð og er litið svo á að stefnt verði að því að það gefi sem næst sömu tekjur og þróunargjald af fiskiskipum.

Tekjur sjóðsins eru með þrennum hætti: Í fyrsta lagi verður þróunargjald lagt á fiskiskip yfir 10 brl., sem nemur 750 kr. á brúttó tonn, þó að hámarki 285 þús.kr. á skip. Áætlað er að gjaldið gefi 80 m.kr. tekjur á ári. Gjaldið verður innheimt um greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og LÍÚ skilar innheimtu gjaldi til Þróunarsjóðs. Hér er um að ræða sama gjald og rennur nú í Haggræðingarsjóð sjávarútvegsins samkvæmt lögum nr. 65/1992, en með frumvarpi þessu verða þau lög felld úr gildi og aflaheimildum Haggræðingarsjóðs ráðstafað endurgjaldslaust til að mæta áföllum vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda, sbr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Miðað við viðmiðunarverð sjávarútvegsráðuneytisins á þessu ári er verðmæti 12.000 þorskgildislesta Haggræðingarsjóðs sjávarútvegsins áætlað um 367 m.kr., en þeim aflaheimildum verður að mestu ráðstafað endurgjaldslaust með sérlögum.

Í öðru lagi er um að ræða þróunargjald á fiskvinnsluhús, sem reiknast af fasteignaverðmæti eigna sem notaðar eru til fiskvinnslu. Gjaldið verður lagt á af skattstjórum og verður innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs. Áformað er að gjaldið verði 0,75% af fasteignamati í árslok, ásamt lóð. Nokkur óvissa er við mat á tekjum af gjaldinu þar sem fiskvinnslueignir eru ekki skráðar sérstaklega hjá Fasteignamati ríkisins og gjaldið nær ekki til niðursuðuverksmiðja, umstöflunar afla í gáma og fiskmarkaða. Þá má ætla að skilgreining eigenda húsnæðis á því hvort það er notað í fiskvinnslu eða annað breytist við álagningu skattsins. Mikilvægt er að skattstofninn sé vel skilgreindur í upphafi og að framkvæmdin verði eins einföld og kostur er. Í frumvarpinu er áætlað að gjaldið skili 80 m.kr. á ári.

Í þriðja lagi er gjald á aflamark. Gjaldið verður 1.000 kr. á hverja þorskígilislest og er áætlað að það skili 525 m.kr. í tekjur á ári, sé miðað við afla að meðaltali árin 1987 til 1991, en 417 m.kr. ef miðað er við afla árið 1993. Fiskistofa mun sjá um innheimtu þess og skila tekjunum til Þróunarsjóðs.

Verði áframhaldandi stöðnun, eða aflasamdráttur, verður ekki annað séð en að hækka þurfi tekjur sjóðsins í samræmi við ákvæði 19. greinar frumvarpsins.

Skipuð verður þriggja manna stjórn yfir sjóðinn og mun hún hafa með höndum yfirstjórn á starfseminni og ráða framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Stjórninni er heimilt að semja við lánastofnanir um reksturinn eins og hagkvæmt þykir. Í 13. grein er lagt til að Byggðastofnun annist reikningshald og innheimtu fyrir Atvinnuþryggingadeild eftir nánara samkomulagi við sjóðsstjórn. Ekki er frá því gengið hvort, eða hverjum, verður falin dagleg umsjón með rekstri sjóðsins. Ef samið verður við einhverja þá fjármálastofnun sem fyrir er um daglega umsjón með sjóðnum, mun það hafa minnstan kostnað í för með sér að mati fjármálaráðuneytisins. Í sjóðsstreymisáætlunum er gert ráð fyrir 40 til 50 m.kr. rekstrarkostnaði á ári, sem síðan lækkar í 10 m.kr.

Samandregið mun Þróunarsjóður sjávarútvegsins yfirtaka skuldbindingar Atvinnuþryggingadeildar vegna sjávarútvegsfyrirtækja og Hlutafjárdeildar Byggðastofnunar. Á móti mun Ríkissjóður ábyrgjast 4 milljarða stofnlán til sjóðsins og yfirtaka 950 m.kr. af skuldbindingum Atvinnuþryggingadeildar, auk þess sem sjóðurinn fær eignir Hagræðingarsjóðs. Ríkissjóður mun bera fulla ábyrgð á fjárskuldbindingum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og þeirri áhættu sem sjóðnum fylgir. Sjóðnum er ætlað að standa undir skuldbindingum sínum með eigin tekjum, en á móti verður aflaheimildum Hagræðingarsjóðs ráðstafað án endurgjalds. Miðað við núverandi aflamark verður ekki annað séð en að hækka þurfi tekjur sjóðsins til að hann fái staðið undir framtíðarskuldbindingum sínum. Samkvæmt 19. grein frumvarpsins er skýrt ákvæði þess efnis að tekjum sjóðsins samkvæmt 4., 5. og 6 gr. skuli breytt þannig að þær standi undir framtíðarskuldbindingum og rekstrarkostnaði. Skuldbindingar sjóðsins eiga því ekki að falla á Ríkissjóð. Beinn kostnaður Ríkisins á samkvæmt framansögðu ekki að verða mikill, umfram það sem nú er, ef frá er talinn innheimtu- og álagningarkostnaður vegna þróunargjalda á fiskvinnslustöðvar. Til viðmiðunar má nefna að Ríkissjóður fær 0,5% af útsvari fyrir álagningu og innheimtu á þeim skatti.

Loks er bent á að eignir sem sjóðurinn kaupir verða, samkvæmt frumvarpinu, undanþegnar fasteignaskatti sveitarfélaga á meðan þær eru í eigu sjóðsins.

## Fylgiskjal XII.

### **Umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis. (3. mars 1994.)**

Nýlega tóku gildi lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Lögin voru m.a. sett vegna aðildar Íslands að Evrópsku efnahagssvæði en samræmdar reglur eiga að gilda um starfsemi slíkra stofnana á svæðinu. Í lögnum eru lánastofnanir skilgreindar sem:

*„félög eða stofnanir sem hafa það að meginverkefni að veita lán í eigin nafni og afla sér í því skyni fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings“.*

Hafi félag eða stofnun heimild af þessu tagi, annað hvort skv. lögum sem um hana gilda eða skv. samþykktum, telst hún til lánastofnana þó svo að heimildirnar séu lítt eða jafnvel ekki nýttar í raun. Lögin um aðrar lánastofnanir eru almenns eðlis og í þeim eru m.a. ákvæði um stofnun, stjórnun, eiginfjárlutfall og eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands með starfsemi lánastofnana. Í lögnum er kveðið á um að lánastofnun verði ekki stofnuð nema sem hlutfélag en sú krafa nær þó ekki til lánastofnana sem starfandi voru við gildistöku laganna. Helstu lánastofnanir hér á landi aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir eru opinberir fjárfestingarlánasjóðir og eignarleigufyrirtæki auk nokkurra fjárfestingarlánasjóða í einkaeigu.

Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum um aðrar lánastofnanir (þskj. 144 á 117. lögjafarþingi) er bent á þann möguleika að lögum um tiltekna lánasjóði í eigu ríkisins sem falla undir skilgreiningu frumvarpsins á lánastofnun en sinna fyrst og fremst samfélagslegum verkefnum en ekki almennri lánastarfsemi verði breytt þannig að þeir falli ekki undir lögin um aðrar lánastofnanir. Dæmi um sjóði af þessu tagi eru Lánasjóður íslenskra námsmanna og Bjargráðasjóður. Sama kann einnig að gilda um Hafnabótasjóð og Orkusjóð. Skv. EES-samningnum er Íslandi hins vegar einungis heimilt að undanskilja Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna ákvæðum laganna um aðrar lánastofnanir. Sé vilji til að undanskilja fleiri lánasjóði verður það að gerast með þeim hætti að starfsemi þeirra séu þau takmörk sett að þeir falli ekki undir skilgreiningu laganna á lánastofnun.

Skv. frumvarpi til laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem háttvirt sjávarútvegsnefnd hefur nú til umfjöllunar virðist sem lánastarfsemi eigi ekki að verða meginverkefni sjóðsins. Hins vegar hefur hann slíkar heimildir og getur jafnframt skv. 15. gr. frumvarpsins aflað sér lánsfjár. Þetta ráðuneyti telur augljóst að Þróunarsjóði sjávarútvegsins sé ætlað samfélagslegt hlutverk en ekki að starfa eins og venjuleg lánastofnun á markaði. Því telur ráðuneytið eðlilegt að lagaákvæði um sjóðinn verði þannig orðuð að ótvírætt sé að hann falli ekki undir ákvæði laga um aðrar lánastofnanir. Þetta má gera með því að orða 15. gr. sem hér greinir og leggur ráðuneyti eindregið til að það verði gert:

*„Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, þó ekki með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Í því skyni að jafna misræmi milli innborgana af skuldabréfum í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánum sem sjóðurinn á að standa skil á.“ (Breyting auðkennd með undirstrikun.)*

F.h.r.

***Porkell Helgason.  
Finnur Sveinbjörnsson.***

**Fylgiskjal XIII.***Ríkisendurskoðun:***Fjárhagsstaða Atvinnuþryggingardeildar Byggðastofnunar  
og mat á stöðu sjávarútvegshluta deildarinnar.  
(18. apríl 1994.)**

Vísað er til bréfs yðar dags. 18. febrúar 1994 þar sem óskað er eftir að Ríkisendurskoðun upplýsi um fjárhagsstöðu Atvinnuþryggingardeildar Byggðastofnunar og mat á stöðu sjávarútvegshluta deildarinnar.

Ársreikningur Atvinnuþryggingardeildar Byggðastofnunar fyrir árið 1993 liggur nú fyrir undirritaður af stjórn Byggðastofnunar og áritaður af endurskoðendum. Helstu niðurstöður ársreikningsins eru að halli var á deildinni á árinu 1993 sem nam 505,6 milljónum króna þar af nam fjármagnshalli 197,9 milljónum króna og framlag til afskriftareiknings 352,0 milljónum króna. Eigið fé deildarinnar var neikvætt um 2.281,5 milljónir króna og hafði aukist úr 568,9 milljónum króna á árinu. Í árslok 1993 nam afskriftareikningur útlána alls 1.382 milljónum króna eða 17,8% af heildarútlánnum að viðbættum áföllnum vöxtum. Í árslok 1992 nam afskriftareikningur útlána 1.223 milljónum króna eða 15,3% af heildarútlánnum. Aukning framlaga til afskriftareikninga námu á árinu 1993 159 milljónum króna.

Við skiptingu efnahagsreiknings Atvinnuþryggingardeildar Byggðastofnunar í sjávarútvegshluta og iðnað, fiskeldi o.fl. er stuðst við eftirfarandi forsendu.

1. Gert er ráð fyrir að bankainnistæður og verðbréf tilheyri sjávarútvegshluta.
2. Gert er ráð fyrir að lántökur tilheyri sjávarútvegshluta, en myndaður er mótreikningur fyrir þeim hluta af skuldum sem iðnaður, fiskeldi er talin skulda í árslok.
3. Við skiptingu eiginfjár er litið til þess hvað mikið hefur verið afskrifað af lánnum í sjávarútvegshluta annars vegar og iðnaði, fiskeldi o.fl. hins vegar frá upphafi að viðbættum afskriftareikningi í árslok. Það hlutfall er síðan notað til þess að skipta neikvæðu eiginfé í árslok.

Niðurstaða framangreindrar skiptinga sýnir að eigið fé sjávarútvegsdeildar er neikvætt um 1.695,6 milljónir króna. Afskrifta-reikningur í árslok 1993 nam 1.334 milljónum króna sem er 17,8% af heildarútlánnum.

Ríkisendurskoðun vill vekja athygli ráðuneytisins á þeim athugasemdum sem bæði stjórn Byggðastofnunar og endurskoðendur gera er varðar fjárhagsstöðu deildarinnar. Samkvæmt ársreikningi 1993 er peningaleg staða deildarinnar þannig að peningalegar skuldir umfram eignir nema 2.527 milljónum króna sem þýðir að áætla má að vaxtakostnaður vegna þessa sé um 150 milljónir króna á ári.

Ríkisendurskoðun yfirfór í samvinnu við endurskoðendur sjóðsins ásamt starfsmönnum Byggðastofnunar mat á afskriftaþörf og telur að reikningskilin í árslok 1993 sýni raunhæft mat á þeirri áhættu.

*Sig. Þórðarson.*



## Efnahagsreikningur 31. desember 1993

### Sjávarútvegur

EIGNIR:	ÞÚS. KRÓNUR	SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:	ÞÚS. KRÓNUR
Bankainnistæður og verðbréf	<u>245.681</u>	Skuldheimtumenn	<u>28.771</u>
<b>Lánvællingar:</b>		<b>Lántökur:</b>	
Gengistryggðar	2.482.936	Gengistryggðar	5.145.889
Verðtryggðar	4.586.738	Verðtryggðar	3.579.038
Önnur lán	23.073	Áfallnir vextir	208.459
Áfallnir vextir	<u>418.550</u>	Yfirt. lán v/skipt. atvtr.deildar	<u>(812.299)</u>
	7.511.297		<u>8.121.087</u>
Afskriftareikningur útlána	<u>(1.333.590)</u>		
	<u>6.177.707</u>		
<b>Aðrar eignir:</b>		<b>Eigið fé:</b>	<u>(1.695.624)</u>
Skuldunautar	11.759		
Innleystar eignir	<u>19.087</u>		
	<u>30.846</u>		
	<u>6.454.234</u>		<u>6.454.234</u>

## Fylgiskjal XIV.

### Upplýsingar frá sjávarútvegsráðuneytinu. (25. apríl 1994.)

#### Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Vextir af stofnlánum og sjóðsstöðu 7%

Áætlað sjóðsstreymi 1993-2005 -2009

	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Samtals	
<b>Innborganir</b>																			
Lán		2.720	1.280	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4.000
Hagræðingarsjóður	0	580	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	580
Fiskiskip	0	80	80	80	80	80	80	80	80	80	80	80	80	0	0	0	0	0	960
Fasteignir	0	0	80	80	80	80	80	80	80	80	80	80	80	0	0	0	0	0	880
Aflamark	0	0	0	175	525	525	525	525	525	525	525	525	525	405	0	0	0	0	5.305
Sala fasteign/véla /afb. lán	0	0	0	75	75	75	75	75	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	375
<b>Samtals Innborganir</b>	0	3.380	1.440	410	760	760	760	760	685	685	685	685	685	405	0	0	0	0	12.100
<b>Útborganir</b>																			
Úrreidding fiskiskipa, fasteigna, véla, þróunar- & ert.verkefni		-1.470	-820	-820	-200	-100	-100	-100	-100	-100	-100	-100	-100	0	0	0	0	0	-4.110
Stofnlán		0	-190	-280	-507	-632	-632	-632	-632	-632	-632	-632	-632	0	0	0	0	0	-6.033
Atvinnuþryggingardeild		-1.839	-1.075	77	391	-410	-744	400	470	468	517	664	554	513	365	194	180	180	725
Hlutafjárdeild		0	0	0	0	0	250	250	150	-1.000	0	0	0	0	0	0	0	0	-350
Rekstrarkostnaður		-50	-50	-50	-50	-50	-40	-40	-40	-40	-40	-40	-40	-10	-10	-10	-10	-10	-570
<b>Samtals útborganir</b>		-3.359	-2.135	-1.073	-366	-1.192	-1.266	-122	-152	-1.304	-255	-108	-218	503	355	184	170	170	-10.338
<b>Sjóðsstaða</b>																			
Innborganir/útborganir	0	21	-695	-663	394	-432	-506	638	533	-619	430	577	467	908	355	184	170	170	
Sjóður í upphafi	0	0	21	-673	-1.383	-1.085	-1.593	-2.211	-1.728	-1.316	-2.027	-1.739	-1.283	-906	-62	289	493	493	
Vextir 7%	0	0	1	-47	-97	-76	-112	-155	-121	-92	-142	-122	-90	-63	-4	20	35	35	-1.064
<b>Sjóður í lok</b>	0	21	-673	-1.383	-1.085	-1.593	-2.211	-1.728	-1.316	-2.027	-1.739	-1.283	-906	-62	289	493	698	698	698

#### Forsendur:

Ríkissjóður yfirtekur 950 milljóna lán m.v. 31. 12. 1992 vegna Atvinnuþryggingardeilda

Yfirteknar lántökur/lánveitingar Atvinnuþryggingardeilda m.v. stöðu 31.08.93 og endurgreiddast á árunum 1994 til 2009

Stofnláni þróunarsjóðs kemur til útgreiðslu 1994 og 1995 og endurgreiddist með jöfnum greiðslum á árunum 1996 til 2005.

Vextir 7% af stofnláni og 7% af sjóðsstöðu

Innborgunum atvinnugreinarinnar lýkur fiskveiðiárið 2005/2006

Ekk er áætlað fyrir innborgunum af áhættulánum eftir árið 2000

**Þróunarsjóður sjávarútvegsins**

DRÖG að stofnefnahagsreikningi

Milljónir króna.	EIGNIR:	SKULDIR
Hagræðingasjóður	668	68 *
Atvinnutr.deild Byggðastofnunar sjávarútvegshluti	6.454	7.171 **
Hlutfjárdeild Byggðastofnunar	500	***
	7.622	7.239

\* Ógreidd loforð um úreldingastyrki. Styrkirnir verða sennilega ekki greiddir út ef frv. til laga um Þróunarsjóð verður að lögum

\*\* M.v. að ríkissjóður yfirtaki 950 m.kr.

\*\*\*Ábyrgð á A-hlutdeildarskirtelnum utan efnahagsreiknings. Áætlað hefur verið að ábyrgðin geti að hámarki orðið um 570 m.kr. en með ráðstöfunum verði fjárhæðir verulega lægri (e.t.v. um 350 m.kr.) Ábyrgðin fellur ekki í gjalddaga fyrr en á árinu 2005 og er verðtryggð án vaxta.

**Fylgiskjal XV.****Minnisblað frá sjávarútvegsráðuneytinu.  
(28. apríl 1994.)**

Í 6. gr. frumvarps til laga um Þróunarsjóð er kveðið á um gjald er innheimta skal af úthlutaðu aflamarki frá og með fiskveiðiárinu er hefst 1. september 1996. Í 2. málsl. 1. mgr. segir að „gjaldið skuli nema a.m.k. 1.000 kr. fyrir hverja þorskígildislest miðað við þá verðmætastuðla af einstökum tegundum sem sjávarútvegsráðuneytið ákveður“.

Í athugasemdum við 6. gr. segir m.a. um þetta ákvæði:

„Frá og með því fiskveiðiári sem hefst 1. september 1996 verður lagt gjald á úthlutað aflamark til einstakra fiskiskipa. Er lagt til að gjaldið nemi a.m.k. 1.000 kr. á hverja þorskígildislest miðað við þau verðmætahlutföll milli fisktegunda sem sjávarútvegsráðherra ákveður í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir hvert fiskveiðiár. Í þessari tillögu felst ekki að ráðherra geti hækkað gjaldið umfram þessa fjárhæð. Það sem felst í ákvæðinu er hins vegar það að ef til þess kemur að taka þurfi ákvörðun gjaldsins til endurskoðunar á grundvelli ákvæða 19. gr. verði tillögugerð ráðherra við það miðuð að gjaldið verði ekki lækkað niður fyrir 1.000 kr. á hverja þorskígildislest.“

Í 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins er svofellt ákvæði:

„Komi í ljós að framtíðartekjur sjóðsins séu ekki í samræmi við skuldbindingar skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögur um breytingar á tekjustofnum sjóðsins, sbr. 4., 5. og 6. gr.“

Sé þetta lesið í samhengi er ljóst að gjald skv. 6. mgr. verður að óbreyttum lögum hvorki hærra eða lægra en 1.000 kr. fyrir hverja þorskígildislest (að teknu tilliti til vísitölubreytinga skv. 2. mgr. 6. gr.). Tilgangurinn með skammstöfuninni „a.m.k.“ framan við fjárhæð gjaldsins er sá einn að binda hendur ráðherra ef nauðsynlegt reynist síðar að leggja tillögur um endurskoðun gjaldsins fyrir Alþingi skv. 19. gr. Miðað við þennan skilning á ákvæðinu, sem er fullkomlega ótvíræður samkvæmt athugasemdum við það, sýnist ekki ástæða til að óttast að gjaldtakan standist ekki 40. gr. stjórnarskrár.

*Árni Kolbeinsson.*